



SKÓLABLAÐIÐ

TIL KENNARA

Skólablaðið er gagnvirkur vefur ætlaður nemendum með annað móðurmál en íslensku, einkum á mið- og unglíngastigi grunnskólans. Vefurinn nýtist þó út fyrir þann hóp, t.d. nemendum í framhaldsskóla og jafnvel fullorðinsfræðslu.

Færni notenda í íslensku máli

Samkvæmt drögum að Aðalnámskrá grunnskóla 2012 miðast verkefnin við þá nemendur sem eru lengra komnir í íslensku en algjörir byrjendur og uppfylla viðmið í flokki B1 og B2 í [Evrópsku tungumálamöppunni](#). Nemendur á því stigi þurfa umtalsverða þjálfun til að ná tökum á blæbrigðum talaðs máls og skilja ýmis algeng orð og orðatiltæki sem notuð eru í daglegu lífi.

Markmið


Vefnum er fyrst og fremst ætlað að æfa nemendur í daglegu máli. Megináherslan er á hlustun og skilning en einnig málnotkun og málfræði. Möguleikar vefjarins gefa tilefni til fjölbreyttra vinnubragða og hann má nota bæði í samkenslu, með skjávarpa eða rafrænni töflu, og við sjálfstæða vinnu nemenda.

Miðað er við að nemendur

- auki málfærni sína í íslensku (málskilning og tjáningu)
- efli tilfinningu fyrir beygingum málsins (kyn, föll, sagnir)
- bæti orðaforða sem kemur þeim að gagni í daglegum samræðum (kynnist algengum orðatiltækjum og orðasamböndum)
- eigi auðveldara með að bjarga sér úti í samfélaginu og átta sig á ýmsum óskráðum reglum

Efnisþættir og uppbygging

Viðfangsefnið í Skólablaðinu fjalla um fjóra unglínga í ritnefnd skólablaðs. Þeir eru kynntir til sögunnar strax í upphafi og síðan fylgt eftir við mismunandi aðstæður.

Vefurinn skiptist í þrjú hluta. Þeir eru: **Ritnefndin**, **Ritnefndin í bænum** og **Greinaskrif**. Hver hluti skiptist í fimm undirkafla og með hverjum þeirra eru fjögur verkefni sem velja má á milli; alls eru þetta 60 verkefni. Flest verkefnin tengjast söguviðinu og er gert ráð fyrir að nemandinn byrji á að lesa samfelldan texta áður en hafist er handa við verkefnin. Til að hlusta á upplestur textans þarf nemandi að smella hnappinn .

Í hverjum undirkafla er samtal eða frásögn og fjölvalsspurningar út frá söguþræði. Þegar spurningum er svarað má smella á upprifjunarhnapp og þá birtist gluggi með þeirri frásögn sem spurt er úr.

Notkun

Grunnurinn að hverjum undirkafla er í frásögn og samtölum sem alltaf er fyrsta viðfangsefnið. Nemendur ættu að endurtaka æfingarnar nokkrum sinnum en kosturinn við verkefni á vef er einmitt sá að nemendur geta endurtekið eftir því sem hver vill.

Stika neðst á skjánum sýnir hve mörg verkefni hafa verið leyst og á stigatöflu geta nemendur fylgst með stigum fyrir rétt svör, mest 100 stig. Þeir geta svo skráð stigin á útprintað blað (Skráning og mat) og metið árangur sinn. Á skráningarblaðinu er gert ráð fyrir að nemendur fari þrisvar sinnum í hvert verkefni (dagsetning) og endurtaki a.m.k. tvisvar í hvert skipti (stig).

RITNEFNDIN	
	Áhersluatriði
Valdís	
• Hvað manstu?	Lesskilningur
• Andheiti	Lýsingarorð
• Skammstafanir	Málnotkun, ritað mál
• Hvað passar?	Málnotkun, fallorð og sagnorð
Axel	
• Hvað manstu?	Lesskilningur
• Kyn lýsingarorða	
• Hrós	Daglegt mál, skilningur
• Hvað passar?	Málnotkun, fallorð og sagnorð
Ray	
• Hvað manstu?	Lesskilningur
• Nafnorð og lýsingarorð	
• Kyn lýsingarorða	
• Hvað passar?	Málnotkun, fallorð og sagnorð
Lena	
• Hvað manstu?	Lesskilningur
• Safnaðu orðum	Orðaforði, lýsingarorð
• Fjölskyldumynd	Skilningur, orðaforði, forsetningar
• Hvað passar?	Málnotkun, fallorð og sagnorð
Fundur	
• Hvað manstu?	Lesskilningur
• Pöntum pítsu	Daglegt mál, skilningur
• Safnaðu orðum	Orðaforði, lýsingarorð
• Hvað passar?	Málnotkun, fallorð og sagnorð

RITNEFNDIN Í BÆNUM	
	Áhersluatriði
Snjóbretti	
• Hvað manstu?	Lesskilningur
• Ár og dagar	Daglegt mál, skilningur
• Hvað passar ekki?	Orðaforði, nafnorð
• Tengdu saman	Málnotkun, skilningur
Fótboltaskór	
• Hvað manstu?	Lesskilningur
• Hvað kostar þetta?	Daglegt mál, tölur/vöruverð
• Skópör	Orðaforði, samsett orð
• Safnaðu orðum	Orðaforði
Mig langar í ís	
• Hvað manstu?	Lesskilningur
• Get ég aðstoðað?	Daglegt mál, skilningur
• Hlustaðu vel	Daglegt mál, hlustun
• Safnaðu orðum	Orðaforði, tengist ísbúð
Hvar er Ray?	
• Hvað manstu?	Lesskilningur
• Sama merking	Daglegt mál, orðasambönd
• Hvað passar ekki?	Orðaforði, nafnorð
• Í samhengi	Málnotkun, skilningur
Árásin	
• Hvað manstu?	Lesskilningur
• Hvar ertu?	Daglegt mál, hlustun
• Safnaðu orðum	Orðaforði (tilfinningar)
• Hvað passar ekki?	Orðaforði, lýsingarorð

GREINASKRIF	
	Áhersluatriði
Uppáhaldsmatur	
• Hvað manstu?	Lesskilningur
• Fæðuhringurinn	Orðaforði, nafnorð
• Verði þér að góðu	Daglegt mál, skilningur
• Á veitingastað	Daglegt mál, hlustun
Fatastíll	
• Hvað passar?	Lesskilningur
• Veldu rétt	Daglegt mál, hlustun, skilningur
• Hvað passar ekki?	Orðaforði, fatnaður
• Vinirnir	Orðaforði, fatnaður, hlustun
Danshópurinn	
• Hvað manstu?	Lesskilningur
• Ertu í dansskóla?	Daglegt mál, hlustun
• Safnaðu orðum	Orðaforði, sagnir
• Hvað passar?	Málnotkun, sagnir
Við syngjum	
• Hvað manstu?	Lesskilningur
• Hlustaðu vel	Hlustun, skilningur
• Hvað passar?	Málnotkun, fallbeyging
• Safnaðu orðum	Orðaforði (tónlist)
Framtíðarstarfið	
• Hvað manstu?	Lesskilningur
• Að panta tíma	Daglegt mál, hlustun
• Hvert er starfið?	Orðaforði, starfsheiti
• Hvað passar ekki?	Orðaforði, starfsheiti